



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Héðinsgata 8 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. júlí 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí 2019 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts vegna lóðar að Héðinsgötu 8, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna styðja eindregið uppbyggingu smáhýsa fyrir heimilislausu einstaklinga sem margir hverjir búa við fjölþættan vanda. Eins og fram kemur í umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þá eru þetta úrræði sem geta skipt sköpum og aukið líkur á bata fyrir heimilislaust fólk. Vegur þar þyngst virk nærþjónusta og nálægð við fjölbreytt meðferðarúrræði. velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur þegar fundað með Draumasetrinu varðandi fyrirhuguð smáhýsi og þá verður einnig haft samráð við Al-anon klúbbinn eins og kemur fram í kynningu frá forsvarsmönnum sviðsins. Mörg dæmi eru um það í borginni að heimili fólks með fjölþættan vanda séu í nálægð við úrræði fyrir fólk í bata og hefur það reynst vel.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt áherslu á búsetuúrræði til lengri og skemmri tíma. Þessi úrræði eru mikilvæg, enda hefur fjöldi heimilslausra tvöfaldast á fáum árum. Hér hafa komið fram sterk andmæli frá aðilum sem eru að vinna í bataferli og er vert að virða sjónarmið þeirra. Þá er nauðsynlegt að heimildin sé til fyrirfram skilgreinds tíma þar sem búseta er óheimil samkvæmt aðalskipulagi.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Miðflokksins mótmælir harðlega samþykkt deiliskipulagsbreytingar vegna Héðinsgötu 8 í ljósi þeirra athugasemda sem bárust við auglýsingu breytingar. Lítum nánar á tvær þeirra athugasemda sem bárust: Draumasetrið, nálægð, 30 metrar: Síðastliðin 6 ár hefur líknarfélag rekið áfangaheimilið Draumasetrið fyrir 42 sálir að

Héðinsgötu 10 með samþykki borgarráðs og skipulagsyfirvalda Reykjavíkur og Faxaflóahafna. Íbúar hússins er undantekningarlaust fólk sem er í bataferli eftir að hafa verið í neyslu áfengis og fíkniefna og koma flestir frá SÁÁ, Hlaðgerðarkoti, Krísvík og fangelsum. Allt er gert til að íbúum líði sem best, með miklu aðhaldi, ströngum reglum, fundum og hjálp til að komast aftur til betra lífs. Alanó, nálægð, 10 metrar: Alanó rekur líknarfélag við Héðinsgötu 1-3 þar sem starfræktar eru yfir 50 12 spora deildir AA samtakanna. Varlega áætlað sækja 250-500 manns þessa þjónustu daglega og er stór hluti þeirra nýliðar sem eru að stíga fyrstu og erfiðustu skrefin að nýju lífi án áfengis og fíkniefna. Samantekt: Það frábæra starf sem Draumasetrið og Alanó hafa staðið fyrir í fjölda ára er sett í algjört uppnám þar sem ein stærsta forsenda bata alkahólista og fíkla er að slíta með öllu samgangi við neyslustaði og þá sem eru í neyslu. Að setja bata þúsunda í hættu fyrir úrræði fyrir 5 einstaklinga er glapræði.



Bjarni Þóroddsson